

FUNDARGERÐ

Föstudaginn 16. mars 2012 kl. 13:00 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í húsakynnum innanríkisráðuneytisins. Fundurinn fór fram í Tómothúsi, fundarherbergi á 4. hæð, Sölvhólgötu 7, Reykjavík.

Fundinn sátu nefndarmennirnir Guðmundur Bjarnason formaður, Bjarni Jónsson og Björk Þorsteinsdóttir ásamt starfsmönnum sjóðsins þeim Elínu Gunnarsdóttur, Elínu Pálsdóttur og Guðna Geir Einarssyni. Í fjarfundarsambandi voru nefndarmennirnir Hermann Jón Tómasson og Þórunn Egilsdóttir. Gestir fundarins voru þeir Ólafur Nilsson, formaður Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga og Eiríkur Benónýsson, starfsmaður nefndarinnar.

Guðmundur Bjarnason, formaður, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

FUNDARGERÐIR

Lagðar voru fram til umfjöllunar og afgreiðslu fundargerðir frá fundum ráðgjafarnefndar 2. og 14. desember. Fundargerðirnar voru samþykktar og undirritaðar.

FRAMLÖG VEGNA SAMEININGAR SVEITARFÉLAGA

Breyting á reglum nr. 295/2003 um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga.

Á fundi nefndarinnar 24. febrúar sl. komu til umræðu breytingar sem fram þyrftu að fara á reglum nr. 295/2003 um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga.

Þar kom eftirfarandi fram:

Á grundvelli c. liðar 1. gr. reglnanna er greitt sérstakt framlag til að jafna fjárhagsstöðu sveitarfélaga við sameiningu, sbr. 2. gr. reglnanna. Í ljósi breytingar á framsetningu í ársuppgjöri sveitarfélaga hvað varðar skuldbindingar sveitarfélaga sem áður voru utan efnahags er ekki lengur hægt að fara eftir óbreyttum ákvæðum reglnanna, nr. 295/2003, hvað útreikning á sérstöku framlagi til að jafna fjárhagsstöðu sveitarfélaga í kjölfar sameiningar varðar. Setja þyrfti inn nýtt ákvæði í c. - lið reglnanna sem takmarkar framlagið við þá fjárhæð sem telja má að sjóðurinn geti staðið undir hvað úthlutun þessa framlags varðar. Ekki verði um hærra framlag að ræða nema á grundvelli sérstakra aðstæðna. Með tilvísun til þess sem hér að framan greinir ræddi ráðgjafarnefndin um þá breytingu á reglum að mögulegt framlag vegna jöfnunar á fjárhagsstöðu sveitarfélaga við sameiningu næmi að hámarki allt að 450,0 m.kr.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til við ráðherra að fram færi framangreind breyting á c.- lið 1. gr. reglnanna, nr. 295/2003, sbr. 2. gr. sömu reglna.

Ráðgjafarnefndin samþykkti jafnframt að endurskoðun á vinnureglum um útreikning og úthlutun framlagsins til jöfnunar á fjárhagsstöðu sveitarfélaga við sameiningu tæki mið af þeirri breytingu að framlagið væri greitt á fjórum árum þó ekki væri um jafnar greiðslur að ræða.

Efling sveitarstjórnarstigsins

Á fundum ráðgjafarnefndar sl. haust var samþykkt beiðni Þorleifs Gunnlaugssonar, formanns nefndar um eflingu sveitarstjórnarstigsins, um úthlutun framlags að fjárhæð 1.350.000 kr. úr Jöfnunarsjóði til að standa straum af kostnaði við rannsókn á viðhorfum sveitarstjórnarmanna og þingmanna til eflingar sveitarstjórnarstigsins. Rannsóknin var unnin af Háskólanum á Akureyri.

Niðurstöður könnunarinnar lágu nú fyrir og var skýrsla þar að lútandi lögð fram til kynningar á fundinum.

FRAMLÖG VEGNA FJÁRHAGSERFIDLEIKA SVEITARFÉLAGA

Staða mála og horfur á árinu

Undir þessum dagskrárlið bauð formaður þá Ólaf Nilsson og Eirík Benónýsson velkomna á fundinn. Formaður lét þess getið að koma þeirra væri orðin árviss enda mikilvægt fyrir ráðgjafarnefndina að fylgjast með ástandi og horfum hvað fjárhagslega stöðu sveitarfélaganna varðar.

Í máli Ólafs og Eiríks kom fram að staða sveitarfélaganna, á heildina litið, væri ekki verri en áður. Á grundvelli ársreikninga sveitarfélaga frá árinu 2010, ársreikningar sveitarfélaga vegna ársins 2011 lægju enn ekki fyrir, kæmi fram að fjárhagsstaða um 20 sveitarfélaga væri alvarleg. Þau væru yfir mörkunum hvað 150% skuldahlutfallið varðaði. Rekstrarafkoma þeirra væri léleg og greiðsluhorfur þeirra alvarlegar. Það væri ekki nóg að lögbundið skuldahlutfall væri undir 150% heldur þyrfti framlegð frá rekstri einnig að vera til staðar. Lagt var fram til kynningar á fundinum yfirlit yfir þau sveitarfélög sem verst standa.

Með aðkomu Jöfnunarsjóðs hefðu úttektir á fjárhagslegri stöðu sveitarfélaganna gengið vel og væntanlegar væru fleiri slíkar umsóknir til sjóðsins. Sveitarfélögin hefðu sjálf gert samninga við óháða úttektaraðila í samráði við eftirlitsnefndina en mikil áhersla væri lögð á það samráð. Eftirfylgnin væri svo hlutverk nefndarinnar. Mikilvægt væri að líta fram hjá því þó sveitarfélögin gerðu ekki öll samninga við eftirlitsnefndina. Fram kom jafnframt að í sumum tilfellum væri það eftirlitsnefndin sem gerði beint samningana við óháða úttektaraðila og mundi þá nefndin sjálf óska eftir aðkomu Jöfnunarsjóðs að kostnaði í þeim tilfellum.

Formaður ráðgjafarnefndar þakkaði þeim Ólafi og Eiríki fyrir greinargóðar upplýsingar og gott samstarf en aðkoma eftirlitsnefndarinnar er forsenda fyrir mögulegri aðkomu Jöfnunarsjóðs að erfiðri fjárhagsstöðu sveitarfélaga, sbr ákvæði í b.- lið 7. gr. reglugerðar nr. 960/2010.

Sandgerðisbær

Ráðgjafarnefndin samþykkti á fundi sínum 15. desember sl. tillögu um úthlutun framlags til Sandgerðisbæjar að fjárhæð allt að 3,3 m.kr. án vsk. vegna áætlunar um kostnað við fjárhagslega endurskipulagningu í sveitarfélaginu.

Á fundinum var lagt fram til umfjöllunar nýtt erindi frá Sandgerðisbæ, dags. 9. mars 2012. Í erindinu kemur fram að vinnan við endurskipulagninguna hafi verið mun umfangsmeiri en áætlað hafði verið og enn væri nokkurt verk fyrir höndum. Með tilvísun til þessa óskaði sveitarfélagið eftir viðbótarframlagi að fjárhæð allt að 2,2 m.kr. án vsk.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að afgreiðslu erindis Sandgerðisbæjar væri frestað og óskað væri eftir frekari rökstuðningi hvað beiðni um viðbótarframlag varðaði.

TEKJUJÖFNUNARFRAMLÖG

Tillaga að breytingu á 12. gr. reglugerðar nr. 960/2010 með síðari breytingum.

Við útreikning tekjujöfnunarframlaga er sveitarfélögum skipt í fjóra flokka eftir íbúafjölda og reiknaðar út meðaltekjur á íbúa í hverjum viðmiðunarflokki á grundvelli fullnýtingar tekjustofna sveitarfélaga, sbr. ákvæði í 4. málslíð 1. málsgreinar 12. gr. reglugerðar nr. 960/2010.

Hvað viðmiðunarflokkinn 300 – 10.999 íbúa varðar, þá hefur orðið sú breyting, samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands, að íbúafjöldi Garðabæjar var orðinn 11.290 í lok árs 2011 og ætti því sveitarfélagið að færast upp um viðmiðunarflokk og teljast til viðmiðunarflokksins 11.000 íbúar og fleiri við útreikning á meðaltekjum á hvern íbúa í sveitarfélögum með 11.000 íbúa og fleiri, öðrum en Reykjavík.

Við þá tilfærslu mundu meðaltekjur í viðmiðunarflokknum hækka verulega og sökum heildarfjölda íbúa í þeim flokki mundi úthlutun tekjujöfnunarframlaga raskast verulega og lang stærsti hluti framlaganna á árinu 2012 renna til þeirra sveitarfélaga sem hafa 11.000 íbúa og fleiri annarra en Reykjavíkurborgar.

Með tilvísun til þessa lá fyrir fundinum tillaga um breytingu á viðmiðunarflokknum 300 – 10.999 íbúar í þá veru að hann næði til íbúa á bilinu 300 – 11.999 íbúar.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu til ráðherra þar að lútandi enda um tímabundna ákvörðun að ræða í ljósi tillagna starfshóps, sem endurskoðaði gildandi laga- og reglugerðarákvæði um sjóðinn á árunum 2009 og 2010, um breytingar á framsetningu og útreikningi jöfnunarframlaga sjóðsins, sbr. valkost 3 í tillögum starfshópsins.

YFIRFÆRSLA Á REKSTRI GRUNNSKÓLANS

FRAMLAG VEGNA SÉRÞARFA FATLAÐRA NEMENDA

Endurskoðun samninga við Reykjavíkurborg vegna sérskóla og sérdeilda – staða mála

Í kjölfar yfirfærslu á rekstri grunnskólans voru gerðir eftirfarandi samningar milli Reykjavíkurborgar, Sambands Íslenskra sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga:

- Samningur vegna kennslu langveikra barna á sjúkrahúsum í borginni.
- Samningur vegna starfa verkefnastjóra og kennsluráðgjafa í nýbúafræðslu
- Samningur um yfirtöku borgarinnar á rekstri sérskóla/sérdeilda.

Innanríkisráðherra skipaði starfshóp í byrjun mars 2011 til að yfirfara framangreinda samninga. Hvað fyrri tvo samningana varðar er yfirferð lokið en enn stendur yfir vinna hvað samninginn um rekstur sérskóla/sérdeilda varðar.

Samningur sá sem í gildi er í dag um rekstur sérskólanna/sérdeildanna er frá 1997. Á grundvelli hans greiðir Jöfnunarsjóður árlega til Reykjavíkurborgar framlag sem nemur 0,210% af útsvarsstofni borgarinnar eins og hann er á hverjum tíma. Áætlað er að framlagið til borgarinnar vegna reksturs sérskóla/sérdeilda á árinu 2012 nemi um 766,5 m.kr.

Að mati Reykjavíkurborgar stendur framlagið ekki undir rekstri sérskólanna/sérdeildanna og því til viðbótar væru í almennum grunnskólum borgarinnar nemendur með miklar þjónustufarfir sem féllu í raun undir viðmið sérskólanna. Með tilvísun til þessa óskar borgin eftir því að greiðslur á grundvelli samnings um rekstur skólanna nái einnig til þeirra nemenda.

Á árunum 2003 – 2005 var samningurinn við borgina vegna sérskólanna tekinn til endurskoðunar en ekki náðist að ljúka þeirri vinnu þar eð upplýsingar vantaði frá borginni er tengjast endurskoðunarákvæði samningsins.

Á fundinum var lagt fram yfirlit þar sem fram kemur þróun framlaganna til borgarinnar vegna sérskólanna bæði á grundvelli núgildandi samnings og á grundvelli samningsdraga frá árinu 2005 sem ekki náðist að ganga frá eins og áður segir.

Farið var yfir stöðu mála hvað vinnu við yfirferð samningsins frá 1997 varðaði.

YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐRA

DRÖG AÐ NÝRRI REGLUGERÐ vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2012

Lögð voru fram á fundinum ný drög að reglugerð um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2012. Reglugerðin kemur til með að taka við af reglugerð nr. 1066 um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2011.

Kynntar voru helstu breytingar sem fram koma í drögum að nýrri reglugerð. Fram kom að frekari vinna við nýja reglugerð færi fram á milli funda og ný drög yrðu lögð fram á fundi ráðgjafarnefndar í mars.

GREIÐSLU- OG REKSTRARÁÆTLUN 2012

Lögð var fram til kynningar endurskoðuð greiðslu- og rekstraráætlun vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra á árinu 2012.

Hvað tekjuhlíð áætlunarinnar varðar þá nema bein framlög frá ríki samtals 847,4 m.kr og áætlaðar tekjur sjóðsins af 0,95% hlutfalli af álagningarstofni útsvars um 9.119,5 m.kr. að teknu tilliti til að áætlaður útsvarsstofn nemi um 947,0 m.kr. Með tilvísun til þessa og áætlaðra framlaga úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs vegna tekna af sölu og leigu fasteigna sem nýttar eru í þjónustu við fatlaða á árinu 2012 að fjárhæð 150,0 m.kr. nema áætlaðar tekjur vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra á árinu 2012 10.116,9 m.kr.

Hvað gjaldahlíð áætlunarinnar varðar þá nema útgjöld sjóðsins á árinu 2012 vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra sömu fjárhæð.

ÁÆTLAÐ TEKJUSTREYMI 2012

Lögð var fram til kynningar áætlun um tekjustreymi vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra á árinu 2012. Þar kemur fram að áætlaðar tekjur sjóðsins af 0,95% af álagningarstofni útsvars vegna janúar og febrúar hafi numið samtals um 1.524, 5 m.kr. en rauntekjur sjóðsins hafi verið um 1.408,3 m.kr.

ALMENN FRAMLÖG VEGNA ÞJÓNUSTU VIÐ FATLAÐ FÓLK

Endurskoðuð tillaga að úthlutun framlaga á árinu 2012

Fyrsta tillaga að úthlutun almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2012 var birt í nóvember á kynningarfundum með lykilmönnum af þjónustusvæðum vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra. Á grundvelli þeirrar áætlunar námu áætluð framlög vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2012 samtals um 9.656,8 m.kr.

Drög að endurskoðaðri áætlun framlaganna vegna ársins 2012 nema svipaðri fjárhæð eða um 9.659,4 m.kr. Á flestum svæðum er um óverulegar breytingar að ræða hvað innbyrðis hlutföll milli þjónustusvæða varðar.

Í ljósi þess að viðbótarupplýsingar munu berast innan skamms frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins um niðurstöður hvað SIS mat varðar samþykkti nefndin að fresta afgreiðslu endurskoðaðrar áætlunar um úthlutun almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2012 til næsta fundar enda lægi reglugerðin um framlög vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2012 enn ekki fyrir í endanlegri mynd.

Vestfirðir

Á fundi ráðgjafarnefndar 20. janúar sl. samþykkti nefndin að leggja til að úthlutað væri framlagi til Byggðasamlags Vestfjarða að fjárhæð 2,0 m.kr. vegna íþyngjandi kostnaðar í tengslum við brýna neyðarþjónustu á þjónustusvæðinu sem byggðasamlagið hafði innt af hendi í kjölfar yfirfærslunnar.

Á fundinum nú var greint frá því að fyrir lægi beiðni hjá sjóðnum frá byggðasamlaginu um viðbótarframlag vegna ársins 2011 í ljósi verulega íþyngjandi kostnaðar við rekstur málaflokksins umfram tekjur á árinu. Í ljósi þessa hefði framangreindri afgreiðslu frá fundi nefndarinnar 20. janúar sl. hvað úthlutun og greiðslu framlags varðar verið frestað.

NOTENDASTÝRÐ PERSÓNULEG AÐSTOÐ

Fjármagn til ráðstöfunar

Greint var frá því að ráðstöfunarfjármagn Jöfnunarsjóðs vegna Notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA) næmi samtals 300,0 m.kr. á árunum 2011, 2012 og 2013.

Ráðstöfun framlaga

Lagt var fram til kynningar erindi frá Guðmundi Steingrímssyni, formanni verkefnisstjórnar um NPA, þar sem gerð er grein fyrir niðurstöðum verkefnisstjórnarinnar með hvaða hætti framlögum vegna NPA verði varið á árinu 2012.

Fram kemur að niðurstaða verkefnisstjórnarinnar felist í því að fjármagn til ráðstöfunar verði notað til úthlutunar framlags sem nemur allt að 20% af heildarkostnaði hvers einstaklingssamnings við sveitarfélögin um NPA sem gerðir verða á grundvelli umsókna er berast frá og með 1. apríl til 15. september nk.

Formaður greindi frá stuttum fundi með Guðmundi Steingrímssyni þá um morguninn. Á þeim fundi var ákveðið að Guðmundur kæmi á næsta fund ráðgjafarnefndar og kynnti NPA verkefnið fyrir fulltrúum í nefndinni.

Handbók um NPA

Lögð var fram til kynningar handbók um NPA verkefnið sem formaður óskaði eftir að menn kynntu sér vel fyrir næsta fund.

Bókun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Lögð var fram til kynningar bókun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 24. febrúar sl. sem barst velferðarráðuneytinu með bréfi, dags. 29. febrúar 2012.

Bókun stjórnarinnar kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hvetur sveitarfélög og þjónustusvæði til að setja sér reglur með hliðsjón af nýrri handbók um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) Sveitarfélögin standa nú frammi fyrir þróun þjónustunnar en ljóst er að þörfum og væntingum íbúa sem búa við fötlun hefur ekki verið mætt sem skyldi hingað til af hálfu ríkisvaldsins. Rétt er að undirstrika að um reynsluverkefni er að ræða og fjármagn til verkefnisins því takmarkað.

Mikilvægt er að það fjármagn sem er til ráðstöfunar nýtist sem allra best og að gerðir verði nægilega margir NPA samningar við íbúa til að marktæk reynsla fái st. Þannig verður til reynsla sem mótar þjónustuna til framtíðar og sem verður grundvöllur mats á fjárhagslegum árangri verkefnisins, sem fram á að fara árið 2014. Stjórn sambandsins leggur áherslu á að frestur sveitarfélaga til að sækja um og hefja NPA verði framlengdur til 1. maí 2012 í stað 1. apríl.

BREYTINGAKOSTNAÐUR

Umsókn frá NPA miðstöðinni

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn frá NPA miðstöðinni, dags. 20. febrúar 2012. Í umsókninni kemur fram að óskað sé eftir framlagi að fjárhæð 42,8 m.kr. til þróunar á starfsemi miðstöðvarinnar á árinu 2012 og til að veita umfangsmikla fræðslu og ráðgjöf sem talin er nauðsynleg við framkvæmd á notendastýrðri persónulegri aðstoð.

Á fundinum var jafnframt lögð fram umsögn Samráðsnefndar um málefni fatlaðs fólks um umsóknina. Samráðsnefndin taldi sig ekki geta mælt með jákvæðri afgreiðslu umsóknarinnar vegna óraunhæfrar fjárhagsáætlunar sem fylgdi umsókninni.

Í umfjöllun ráðgjafarnefndar um umsóknina kom fram að fyrir lægi endurskoðuð umsókn sem mundi berast nefndinni innan tíðar. Með tilvísun til þessa samþykkti ráðgjafarnefndin að fresta afgreiðslu umsóknarinnar. Nefndin samþykkti jafnframt að óska eftir ársreikningum NPA miðstöðvarinnar sem lægju fyrir.

MAT Á STUÐNINGSPÖRF BARNNA

Eitt af hlutverkum Jöfnunarsjóðs, sbr. ákvæði í 9. gr. reglugerðar um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk, nr. 1066/2010, er að hafa forgöngu um samræmt mat á þjónustupörf á landsvísu, semja við matsaðila um framkvæmd matsins og bera kostnað af því.

SIS mat fyrir fullorðna hefur verið tekið í notkun og er mat á þjónustupörf fullorðinna fatlaðra einstaklinga á grundvelli þess mats langt komið. Hvað börnin varðar liggur enn ekki fyrir hvort SIS matið verði fyrir valinu og er verið að skoða fleiri möguleika.

Greint var frá fundi í ráðuneytinu þar sem fram fór kynning á SIS mati fyrir börn. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins leggur til að það mat verði notað hvað mat á þjónustupörf fatlaðra barna varðar.

Fram hefur komið að möguleikar séu fyrir hendi að einn þáttur SIS matsins fyrir börn geti leyst vinnu- og viðmiðunarreglur Jöfnunarsjóðs af hólmi hvað úthlutun framlaga vegna sérþarfa fatlaðra grunnskólabarna varðar.

Með tilvísun til þessa var lagt til á fundinum að óskað væri eftir því að framangreind kynning á SIS mati fyrir börn færi fram á næsta fundi nefndarinnar.

ÖNNUR MÁL

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga – Sérstök verkefni

Lagt var fram til kynningar endurskoðað yfirlit þar sem gerð er grein fyrir þeim verkefnum sjóðsins sem unnið hefur verið að að undanfögnu og er ekki lokið. Einnig er þar gerð grein fyrir nokkrum nýjum verkefnum sem stefnt er að á árinu.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 16:30.

Næsti fundur nefndarinnar verður haldinn 20. apríl nk. og hefst hann kl. 13:30.

Elín Pálsdóttir